

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2017

2018/EES/78/38

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/882 frá 1. júní 2016 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB að því er varðar tungumálakröfur ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 42g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 L 0882**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/882 frá 1. júní 2016 (Stjtíð. ESB L 146, 3.6.2016, bls. 22).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2016/882, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 146, 3.6.2016, bls. 22.^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.